

**Nd. 527. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [156. mál]**

í málinu: Frv. til laga um bændaskóla.

Frá Ágúst Þorvaldssyni.

Með því að frumvarp þetta er á ýmsan hátt ófullkomið og eigi til þess fallið, ef að lögum verður, að efla bændaskólana og auka veg búnaðarfræðslunnar í landinu, svo sem nauðsyn ber til; og þar sem æskilegt er, að búnaðarþing eigi þess kost að gera rökstuddar tillögur um breytingar á búnaðarfræðslunni, áður en sett er ný heildarlöggjöf um bændaskóla; og í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að mál þetta verði endurskoðað af nefnd, er skipuð sé m. a. einum manni eða fleirum úr bændastétt, þá telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.